

Nð.

567. Frumvarp til laga

[197. mál]

um breytingu á gjafabréfi hjónanna Helga Þórarinssonar og Höllu Einarsdóttur fyrir hálfri jörðinni Þykkvabæ í Landbroti o. fl. til handa Kirkjubæjarhreppi í Vestur-Skaftafellssýslu.

Frá landbúnaðarnefnd.

Aftan við lið I í gjafabréfi Helga Þórarinssonar og Höllu Einarsdóttur, dags. 13. des. 1913, fyrir hálfri jörðinni Þykkvabæ í Landbroti komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ábúanda skal þó heimilt, að fengnu samþykki hreppsnefndar Kirkjubæjarhrepps, að veðsetja jörðina til tryggingar lánum, sem tekin eru til húsabóta og annarra varanlegra umbóta á jörðinni, enda sé um þær lántökur að öllu leyti farið samkvæmt ákvæðum laga nr. 116 frá 30. des. 1943, um ættaróðal og erfðaábúð, og þeim breytingum, er gerðar hafa verið eða gerðar kunna að verða á þeim lögum.

Greinargerð.

Landbúnaðarnefnd flytur þetta frv. eftir beiðni landbúnaðarráðherra. Nefndin áskilur sér rétt til að flytja brtt. eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Eins og gjafabréf Helga Þórarinssonar og Höllu Einarsdóttur ber með sér (Stj.-tíð. 1914, B-deild, nr. 86), er það um margt mjög skylt lögum nr. 116 frá 30. des. 1943, um ættaróðal og erfðaábúð. Hefðu lög þessi verið til í lífstíð Helga Þórarinssonar, hefði jörð þeirra hjóna vafalítið verið ráðstafað samkvæmt þeim lögum. Þykir því hlýða, að lögin um ættaróðal og erfðaábúð gildi um þá nauðsynlegu breytingu á gjafabréfinu, er hér um ræðir.

Samkvæmt VIII. lið gjafabréfsins getur aðeins löggjafarþing Íslendinga breytt þeim reglum, er gerðar voru í upphafi um gjöfina, ef breyttir tímar gera þá ráðstöfun nauðsynlega. Engum getur dulizt, að sú gerbreyting hefur átt sér stað á umliðnu tímabili, að breyting á ákvæðum gjafabréfsins er aðkallandi að því er snertir veðbindingu á jörðinni með tilliti til lána vegna nauðsynlegra framkvæmda. Getur engan veginn talizt viðunandi að útiloka jörðina frá þeim lánsfjármöguleikum, sem landbúnaðurinn á nú vól á, enda bendir öll reynsla til þess, að slíkt fái ekki staðizt til langframa. Verði hér eigi að gert, getur svo farið, að jarðeign þessi, sem verið hefur hreppnum verðmæt eign og er það um landgæði og legu í sveitinni, verði áður en langt líður verðlítill og óbyggileg.